

Fréttatilkynning

Varðar Gildi - lífeyrissjóð

Jóhann Páll Símonarson, sjóðsfélagi í Lífeyrissjóðnum Gildi, hefur ákveðið að kæra þá ákvörðun setts saksóknara efnahagsbrota að hætta rannsókn á háttsemi stjórnar og starfsmanna Gildis, en sjóðurinn hefur tapað gríðarlegum fjármunum undanfarið og kemur við sögu í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, en þetta var tilefni kærunnar.

Það er skoðun okkar nokkurra sjóðsfélaga í Lífeyrissjóðnum Gildi að ákvörðun setts saksóknara efnahagsbrota styðjist ekki við nægilega skýr efnisleg rök og sé ekki í samræmi við það gríðarlega tjón sem stjórn og starfsmenn Gildis hafa bakað almennum sjóðsfélögum með rekstri sínum á sjóðnum. Því ber að fagna kæru Jóhanns Páls Símonarsonar.

Sérstök athygli er vakin á því að Fjármálaeftirlitið, sem lögum samkvæmt hafa á eftirlit með lífeyrissjóðum landsmanna, virðist líka hafa ráðið mestu um að settur saksóknari efnahagsbrota ákvað að hætta þeirri rannsókn sem til stóð að gera. Það tvöfalda hlutverk Fjármálaeftirlitsins sem fram kemur í þessu máli er í raun furðulegt og ætti í sjálfu sér að vera rannsóknarefni.

Hjálagt eru gögn, bréfskriftir og tilkynningar, sem Jóhann Páll Símonarson fékk aðgang að og skýra framvindu málsins. Þeim er dreift hér með í anda gagnsæis og þessa gagnrýna hugarfars sem einkenna ætti hið nýja Ísland.

Nokkrir sjóðsfélagar í Gildi - lífeyrissjóði

Jóhann Páll Símonarson.

Jóhann Páll Símonarson.

Ólafur Sævarsson

Hlani Yll

Þórunn Björnsdóttir

Ólafur Björnsson.

Ólafur Björnsson